

**Starfshópur um endurskoðun kosningalaga**  
**14. fundur þriðjudaginn 13. ágúst 2019 kl. 8.30**  
**Nefndasvið Alþingis**

**FUNDARGERÐ**

**Mætt:** Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (PH), Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (PHÞ) og Ástríður Jóhannesdóttir (ÁJ). Magnús Karel Hannesson forfallaðist. Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Samþykkt.

**2. Ákvæði 1.-28. gr. frumvarps ásamt skýringum (frh. síðasta fundar).**

**a. Stjórnsýsla kosninga.**

Umræðum frá síðasta fundi haldið áfram um stjórnsýslu kosninga og stöðu kosningastofnunarinnar. Ákveðið að tiltaka ekki í frumvarpi hvaða ákvarðanir stjórn stofnunar tekur og hverjar ekki, heldur eftirláta stjórn að setja sér starfsreglur og að setja framkvæmdastjóra erindisbréf þar sem hægt væri að tiltaka hvaða ákvarðanir og starfsemi framkvæmdastjóri fer með.

**b. Kjörstjórnir og talning atkvæða.**

Sjá hér úthendi um norrænan rétt frá 18.6.2019, bls. 2-6. Annars staðar á Norðurlöndum eru atkvæði í kosningum talin tvisvar. Ef farin yrði sú leið að talning atkvæða fari fram á kjörstöðum þyrfti að endurskoða ákvæði um gildi atkvæða og hafa hreinar línur þar, huga þyrfti að eftirliti umboðsmanna flokka með talningu og opnunartíma kjörstaða. Gæti gerst að enn þyrfti að fara í tafsaman flutning atkvæðaseðla (t.d. ef talið á einum stað í víðfeðmu sveitarfélagi og ef skilyrði um lágmarksfjölda atkvæða yrðu sett svo talið yrði á kjörstað) en kosninganiðurstöður kæmu að öllum líkindum fyrir. Ef ágreiningur um gildi atkvæði væri hægt að mæla fyrir um kæruleið til úrskurðarnefndar kosningamála. Rætt um hlutverk yfirkjörstjórna kjördæma í þessu sambandi. Mögulegt að yfirferð framboðslista flyttist til kosningastofnunar, minni umsýslu kjörseðla fylgdi minna vinna fyrir yfirstjórnir kjördæma og ef ekki lengur gert ráð fyrir meðmælalistum með framboðum fyrir hverjar kosningar yrðu verkefni yfirkjörstjórna enn frekar einfölduð. Kjörstaðir gætu hver fyrir sig annast skýrslugjöf til Hagstofunnar. Í þessu sambandi var einnig rætt um traust á

kosningaframkvæmd í samhengi við hagkvæmni og skilvirkni. Ákveðið að ræða betur síðar.

### **3. Heiti kosningastofnunar, staðsetning o.fl.**

#### **a. Heiti kosningastofnunar.**

Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um heiti á nýrri kosningastofnun. Landskjörstjórn þykir ekki henta vel því ekki allar kosningar sem heildarlöggjöfin fjallar um eru landskjör. Hugtakið kjör hentar ekki því það nær ekki til þjóðaratkvæðagreiðslna. Hér verður um töluvert miklar breytingar á skipulagi stjórnsýslu kosninga að ræða svo rétt að velja nýtt nafn fyrir stofnunina. Starfshópnum líst vel á lýsandi heiti eins og Kosningastofnun (án greinis því ekki er sterk hefð fyrir því að stofnanir séu með ákveðnum greini) eða Kosningasýslan. Ákveðið að máta Kosningastofnun inn í texta frumvarpsins.

#### **b. Ábending Sýslumannaráðs.**

Rætt um ábendingu frá formanni sýslumannaráðs frá 19. júní 2019 (framsent starfshópnum frá dómsmálaráðuneyti) þar sem vakin var athygli á þeim möguleika að vista starfsemi nýrrar kosningastofnunar hjá einum af sýslumannsembættunum. Starfshópurinn var sammála um að eitt af þeim atriðum sem gerðu kosningastofnunina sjálfstæða væri að stjórn kosningastofnunarinnar ákvæði aðsetur sitt sjálf, að svo miklu leyti og hægt er m.t.t. fjárheimilda og slíkra atriða.

### **4. Minnisblað starfshóps til forsætisnefndar Alþingis um stöðu vinnunnar við endurskoðun kosningalaga.**

Minnisblaðið var tekið saman fyrir sumarfund forsætisnefndar 15. og 16. ágúst 2019 og afhent starfshópnum til upplýsinga.

### **5. Vinnuplan starfshóps, fyrirkomulag funda í september og október.**

Rætt um vinnuplan starfshóps og hvernig samráði verði háttað. Formaður mun funda með forseta Alþingis fljótlega til að upplýsa hann um stöðu mála. Einnig ákveðið að funda með samráðsnefnd þingflokka í kjölfarið.

Ákveðið að boða til heilsdagsfunda starfshópsins 10. september, 8. október og 22. október kl. 9-16.

Fundi slitið kl. 9:50.